

Fræði sjónmenningar - MMF06, kennari Anna Jóhannsdóttir.

Þann 5. september 2015 fór ég í fyrsta sinn á safn Sigurjóns Ólafssonar og sá þar sýninguna „Samspil - Hugarflug milli höggmyndar og hönnunar“. Þar gat að sjá höggmyndir eftir Sigurjón Ólafsson og húsgögn eftir danska hönnuðinn og arkitektinn Finn Juhl.

Húsið sem hýsir safnið orkaði mjög sterkt á mig, það var eins og að stíga í helgidóm að koma þangað inn. Birgitta Spur, ekkja Sigurjóns tók á móti okkur og viðmót hennar var í senn hlýlegt og virðulegt. Hún fjallaði um eiginmann sinn og verk hans af mikilli virðingu og þekkingu.

Verk Sigurjóns voru hvert öðru eftirtektarverðari: Hvort sem var veggmynd hans af börnum að leik, fjallkonan rist í tré eða útskorinn trédrumbur. Höfðingjastóllinn hans sem sómt hefði hvaða ættarhöfðingja sem var, bar einnig með sér skopskyn höfundar og hugarflug.

Húsgögn Finns Juhl féllu vel að listaverkum Sigurjóns Ólafssonar og höfðingjastóll Finns var af allt öðrum toga en gripur Sigurjóns með sama nafni. Ég get ekki að því gert að mér fannst eins og Sigurjón hefði unnið sinn stól með skopskynið að vopni!

Ég staldraði þó lengst við útskorinn og slípaðann trédrumb, alsettan táknum sem Sigurjón hafði farið fagmannlegum höndum um. Mér fannst virðing hans fyrir náttúrunni koma svo vel fram í þessu verki, hvernig hann hafði slípað hvern fersentimetra drumsins og laðað fram úr honum fággað listaverk. Það var eins og hendur listamannsins hefðu náð að töfra það fallegasta fram úr þessum drumbi.

Í safni Sigurjóns og Birgittu fannst mér allt anda af hlýju gagnvart mannum og virðingu fyrir náttúrunni. Takk fyrir mig.

Reykjavík 7.september 2015
Sigurlaug Kristmannsdóttir